

Alþingi
Erindi nr. P 135/2903
komudagur 21.5.2008



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd b.t. Elínar
Valdísar.
Kirkjustræti
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 21. maí 2008
Tilv.: SLR08020227/3.1

Ráðuneytið hefur kynnt sér athugasemdir sem borist hafa frá umsagnaraðilum við mál nr. 554, frv. til laga um Fiskræktarsjóð, sem er til meðferðar nú á 135 löggj. og vill kynna heiðraðri þingnefnd athugasemdir sínar af því tilefni með hjálögðu minnisblaði.

Fyrir hönd ráðherra

Arnór Snæbjörnsson

**Sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneyti**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Alþingi, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.**
Sendandi: **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið; Arnór Snæbjörnsson
deildarstjóri.**
Dagsetning: **21.05.2008**
Málsnúmer: **SLR08020227**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Athugasemdir sem borist hafa frá umsagnaraðilum við mál nr. 554, frv. til laga um Fiskræktarsjóð.

Ráðuneytið telur tilefni til að gera svofelldar athugasemdir við þrjár þessara umsagna:

Matvælastofnun (Árni Ísaksson veiðimálastjóri) telur eðlilegt og rétt að Fiskræktarsjóður veiti eingöngu lán og styrki til framkvæmda í ám og vötnum, sem heimilaðar hafa verið af lax- og silungsveiðisviði Matvælastofnunar (eða Fiskistofu verði frv. um flutning stjórnsýslu og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði að lögum). Þessi ábending er byggð á réttmætri forsendu en vart er þó nauðsyn á því að verða við henni. Í úthlutunarreglum sjóðsins eða reglugerð ráðherra mætti skilyrða að í þeim tilvikum að framkvæmd sem ákveðið er að styrkja sé leyfisskyld komi greiðsla ekki fyrir hana fyrr en leyfi hefur verið veitt. Hér má einnig vísa til 4. mgr. 8. gr. frv. þar sem segir að heimilt sé að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár skv. nánari reglum stjórnar Fiskræktarsjóðs. Eins má velta því fyrir sér hvort sá áskilnaður sem Matvælastofnun leggur til gæti leitt af sér að framkvæmdir myndu dragast þar sem ekki væri unnt að vinna samhliða að öflun leyfis til framkvæmdar og styrks úr sjóðnum. Væri það óæskilegt.

Jóhannes Sturlaugsson f.h. Laxfiska ehf. gerir athugasemd við ákvæði um innheimtu gjalda sem hann telur geta leitt af sér að „hagsmunatengdir aðilar hjá ríkinu” fái að sjá um fjárhagslega umsýslu fyrir Fiskræktarsjóð. Athugasemdir hans um þetta atriði lúta aðallega að fortíðinni og stöðu Veiðimálastofnunar en sú stofnun hefur síðustu ár annast verkefni við innheimtu gjalda í sjóðinn í umboði stjórnar hans. Með frumvarpinu er þetta verkefni flutt til Fiskistofu.

Tillögur Jóhannesar að lagabreytingum til að gæta hæfisreglna eru óþarfar og til að valda vafa við lagaskýringu enda hafa stjórnsýslulögin að geyma ítarlegar hæfisreglur sem stjórn sjóðsins er bundin af.

Ákvæðið í 8. gr. frv. um að ákvarðanir Fiskræktarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi er sett til að fyrirbyggja að ráðuneytinu sé ætlað að setjast í dómarasæti um úthlutun styrkfjár. Um er að m.a. að ræða styrkveitingar til rannsóknar- og vísindaverkefna sem ráðuneytið hefur ekki faglega innsýn í að meta eða endurskoða en einnig vegur hér þungt að styrkir hafa að líkindum alltaf þegar verið greiddir út þegar kærur eru bornar fram. Í gildandi lögum um Fiskræktarsjóð er ráðherra ætlað að staðfesta úthlutanir úr sjóðnum en litið hefur verið svo á

að synjun um úthlutun úr sjóðnum sé kæránleg til ráðherra. Síðasta haust féll úrskurður ráðuneytisins um synjun á styrkveitingu til Laxfiska á þeirri forsendu að láðst hafði að endurskipa í stjórn sjóðsins sem starfaði því án formlegs umboðs.

Í raun er fágætt að ákvarðanir um úthlutun styrkja sem þessara megi kæra til ráðuneyta og má til samanburðar geta þess að í stjórnarsýslulögum er stjórnvöldum ekki skylt að rökstyðja ákvarðanir um úthlutun styrkja á sviði vísinda. Loks er rétt að geta þess að frumdrög að frv. til laga um Fiskræktarsjóð skrifuðu þeir dr. jur. Páll Hreinsson og dr. jur. Gaukur Jörundsson og gerðu þeir ekki ráð fyrir kæruleið.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemd við að ekki segi í frumvarpinu að „tryggja skuli sjálfbæra nýtingu auðlinda“. Þessi tillaga stofnunarinnar er innihaldslaus að efni til enda má segja að frv. geri þegar ráð fyrir því að sjóðurinn stefni að þessu markmiði. Ljóst er að heimfæra má nærfellt hvaða rannsóknarverkefni sem er undir það að „tryggja sjálfbæra þróun“. Um fátt mun raunar meir vera deilt á sviði umhverfisfræða en hvað felist í því hugtaki. Að áliti ráðuneytisins er ekki þörf á því að bæta þessum orðum við markmiðslýsingu frumvarpsins en þau verða ekki heldur til vansa fyrir frumvarpið.

Stofnunin gerir athugasemd við aðkomu Landssambands veiðifélaga og Landssambands fiskeldisstöðva að stjórn sjóðsins. Af því tilefni er rétt að geta þess að frumvarpið hefur verið lengi í smíðum og byggir á löngu samráðsferli m.a. í samráðsnefnd um lax- og silungsveiði þar sem sátt náðist um stjórnartilnefningar. Það eru veiðifélögin sem borga í sjóðinn og vita helst hvar kreppir skóinn. Þessir svonefndu „hagsmunaaðilar“ sitja þegar í veiðimálanefnd sem nú stýrir sjóðnum og hefur gert frá því honum var komið á fót fyrir margt löngu. Það er mikilvægt að hagsmunaaðilar beri traust til sjóðsins en slíkt traust verður ekki eftt með aðild manna sem enga ábyrgð bera gagnvart atvinnuveginum hversu ágætir hugmyndamenn sem þeir kunna annars að vera. Rétt er einnig að áréttta að hagsmunaaðilarnir hafa tilnefningarrétt en ekki íhlutanarrétt. Loks er rétt að geta þess að stuðningur við fiskeldi er ekki útilokaður en fiskrækt í formi klaks og sleppinga byggir t.d. á viðskiptum við fiskeldismenn sem að auki búa yfir mikilli þekkingu sem akkur er að.

Rangt er sem segir í 4. lið athugasemdanna að það sé einhliða ákvörðun stjórnar að setja úthlutunarreglur. Ráðherra hefur mikið íhlutunarvald enda verður hann að samþykkja reglurnar auk þess að hann getur með reglugerð þrengt valdheimildir sjóðsstjórnar.

Það væri til að tefja og draga meðferð mála fyrir Fiskræktarsjóði ef skylda væri til að leita umsagna í öllum tilvikum eins og lagt er til af stofnuninni. Þetta verður að meta hverju sinni og er sjóðsstjórnin best til þess hæf. Stjórnarsýslan er nógu stíð og tafsöm þótt lögskyldum umsögnum sé ekki fjölgað.